

## S 5-2

### Samningar Íslands við erlend ríki Nr. 110

#### **SAMKOMULAG um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og Færeyjum.**

*Agreement of the Joint Financing of certain Air Navigation Services  
in Greenland and the Faroe Islands*

Samningur þessi er svo til eins og samningurinn hér næst á undan um flugþjónustu á Íslandi [sjá S 5-2], enda um sama efni, þó samkvæmt þessum samningi, sé það Danmörk, sem veitir flugþjónustuna. Þykir því ekki ástæða til að prenta þennan samning hér, enda hefir hann ekki verið birtur eða auglýstur á Íslandi.

Fullgildingarskrá Íslands var afhent í Alþjóðaflugmálastofnuninni 18. febrúar 1957, en samningurinn gekk í gildi þ. 6. júní 1958.

### Stjórnartíðindi C-deild, Nr. 15/1987

#### **AUGLÝSING um breytingu á samkomulagi um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og Færeyjum.**

Hinn 10. ágúst 1987 var samþykktarskjali Íslands vegna bókar um breytingu á samkomulagi frá 25. september 1956 um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og Færeyjum komið til vörslu hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki, nr. 110. Bókin var gerð í Montreal 3. nóvember 1982 og undirrituð fyrir Íslands hönd sama dag.

Ákvæði bókarinnar önnur en 10. gr. öðluðust gildi til bráðabirgða 1. janúar 1983. Tilkynnt verður um endanlega gildistöku síðar.

Bókin er ekki birt hér en hægt er að sjá texta hennar í utanríkisráðuneytinu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. ágúst 1987.*

**Steingrímur Hermannsson.**

Hannes Hafstein.

### Stjórnartíðindi C-deild, Nr. 3/1992

#### **AUGLÝSING um gildistöku breytingar á samkomulagi um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og í Færeyjum.**

Bókin frá 3. nóvember 1982 um breytingu á samkomulagi frá 25. september 1956 um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og í

Færeyjum öðlaðist gildi endanlega 17. nóvember 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1987.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 2. janúar 1992.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

Þorsteinn Ingólfsson.